

# LJÓÐAFLÓÐ!

LJÓÐASAMKEPPNI GRUNNSKÓLANEMA 2021

---

## Ljóð sem voru á meðal þeirra bestu á yngsta stigi:

### Jólasnjór

Snjórinn er skemmtilegur  
það glitrar á hann.  
Ég renni mér niður brekku  
rosalega bratta.  
Það er kalt.

Ég sit við gluggann  
horfi út  
á snjóinn  
sem glitrar í myrkrinu.  
Jólaljósín lýsa  
út um gluggann  
stjörnur á himninum  
glansa.

*Þórdís Eva Sigurðardóttir, 4. bekk Lindaskóla*

---

Sólin sendi okkur öllum  
boð í glimmerpartí  
með glitskýi á himni.  
Það ljómaði svo skært.  
Við sáum það vel  
það fyllti okkur gleði  
þar sem við stóðum saman.

*Maríana Fiserova, 3. bekk  
Katrín Halla Finnsdóttir, 2. bekk  
Jainaba Rós Matthildardóttir, 1. bekk  
Grunnskóla Drangsness*

---

Sólin sendi mér  
gleðiknús  
glitský á vetrar himni.

*Tómas Físera, 4. bekk Grunnskóla Drangsness*

---

Hundur,  
skemmtilegur, stór,  
hleypur, þefar, ver,  
bit, trýni, feldur, tennur,  
geltir, eltir, bítur,  
stór, hugrakkur,  
hvolpur.

*Gunnar Ómar Friðleifsson, 4. Bekk, Laugarnesskóla*

---

## Lús, mús, hús, krús

Einu sinni var lús,  
hún fór í hús  
þar hitti hún mús  
og hún var með krús.  
Köttur út í mýri setti upp á sig stýri úti er ævintýri.

*Ellen Daðey Hrólfsdóttir, 4. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar*

---

## Manneskja

Manneskja getur verið strákur og stelpa.  
Strákar eru með tippi og stelpur eru með píku.  
Allir eru með rass og allir eru með brjóst.  
Og enginn er eins.

*Guðný Guðmundsdóttir, 4. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar*

---

## Stafir

Margir stafir eru til í heiminum.  
Sumir stafir eru líkir.  
Sumir eru ekki líkir.  
Til að skrifa þarftu stafi.  
Stafir eru mikilvægir.  
Það er mikilvægt að kunna að skrifa.

*Matej Bilkovic, 4. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar*

---

## Dag og nótt

Um dag sé ég tré, fugla og blóm.  
Fuglarnir syngja upp í trjánnum.  
Sólin skín skært.  
Snati geltir hátt.  
Um nótt sé ég tungl, stjörnur og himinn.  
Stjörnurnar skína skært.  
Ég fer upp í rúm og sofna.

*Alda Máney Björgvinsdóttir, 4. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar*

---

## Fiskur í lífshættu

Fiskur í sjó  
maður á bryggju  
maður fær hjartaáfall  
og dettur í sjóinn  
Hann vaknaði í sjónum og brá.

*Ragnheiður Kristín Ingvarsdóttir, 4. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar*

---

## Kúkur í klóinu

Einu sinni var kúkur  
í klóinu sem einhver  
sturtaði ekki, ó nei.  
Svo braust einhver inn  
og sturtaði.

*Jörundur Jónsson, 4. bekk Heiðarskóla*

---

## Dýrin

Ef ég væri kýrin frjáls  
væri ég með langan háls  
með einn lítinn kálf.  
Ef ég væri nautið sterkt  
væri ég með stóran blett  
og með sekt.

*Valgerður Ósk Þorvaldsdóttir, 4. bekk Heiðarskóla*

---

## Lús

Ég er með lús  
lúsin á hús í hárinu á mér  
hérna á hún heima  
en mér líka ekki  
við hana.

*Árdís Eva 4. Bekk, Heiðarskóla*

---

## Hákarlinn

Hákarlinn finnst í hafinu  
og mest í kafinu,  
þar fannst lús  
sem var í krús.  
Margir segja að hákarlar séu gráir  
en þeir eru bláir.

*Elísa Guðrún Sveinbjörnsdóttir, 4. bekk Heiðarskóla*

---

## Hér er mús

Hér er mús  
sem er með krús.  
Í krúsinni er mömmumús.  
Í mömmumúsinni er kartöflumús.

*Ágúst Ingi Ö. Stephensen, Heiðarskóla*

---

Gulur, rauður, grænn og blár  
Lestur þetta þá verðurðu klár.  
Svartur dekkir, hvítur lýsir björtu ljósi í sálina mína.  
Fjólublá blóm lúpínunnar.  
Brún er moldin.  
Bleikt eins og blóðberg.  
Við skulum ekki gleyma fallega appelsínugula sólsetrinu.

*Þorbjörg Eiríka Björgvinsdóttir, 4. bekk Heiðarskóla*

---